

L Ö G

um

9

15. apríl

breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

3. málsgrein 1. greinar laganna skal orða svo:

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum, sbr. 15. gr., þarf sjerstaka lagaheimild í hvert sinn, að undanteknum lánum þeim, er ræðir um í lögum nr. 10, 31. maí 1927, svo og lánum þeim, er koma kunna í stað þessara lána.

2. gr.

5. gr. hljóði svo:

Innskotsfje það, 2 miljónir króna, er ákveðið var með lögum nr. 50, 10. nóv. 1913, að ríkissjóður legði Landsbankanum, skal teljast stofnfje seðlabankans. Auk þess skal ríkisstjórninni heimilt að leggja fram úr ríkissjóði viðbótarstofnfje handa seðlabankanum, alt að 3 miljónum króna. Seðlabankinn skal safna varasjóði samkvæmt 24. gr.

3. gr.

4. málslíður 21. gr. hljóðar svo:

Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 bókhaldsfróðum endurskoðendum, sem landsbankanefndin kýs til 1 árs í senn.

4. gr.

Síðasta málsgrein 22. gr. falli niður.

5. gr.

24. gr. hljóði svo:

Tekjuafgangur hvers árs rennur í varasjóð. Leggi ríkissjóður fram viðbótarstofnfje samkvæmt 5. grein, skal bankinn greiða ríkissjóði af því fje 6% í ársvexti, þó aldrei meira en helming tekjuafgangsins.

9

15. apríl

33. gr. orðist svo:

Yfirstjórn bankans er í höndum landsbankanefndar, samkvæmt því sem ákveðið er í lögum þessum, og ráðherra þess, er fer með bankamál. Stjórn bankans að öðru leyti annast bankaráð, skipað fimm mönnum, og framkvæmdarstjórn, skipuð þrem mönnum.

7. gr.

34. gr. verði svo hljóðandi:

Landsbankanefndin er skipuð 15 mönnum, sem sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu til 6 ára. Eftir 2 ár ganga úr nefndinni 5 menn, þeir er eftir rjettri hlutfallstölu síðast voru kosnir á hverjum lista, eða hvorum lista, ef þeir voru aðeins tveir. Eftir næstu 2 ár ganga aðrir 5 menn úr nefndinni af hinum fyrst kjörnu, eftir sömu reglum og áður greinir, og loks að liðnum 6 árum þeir 5, er eftir eru af þeim fyrst kjörnu. Síðan fer fram kosning annaðhvert ár á 5 mönnum í nefndina í stað þeirra, er endað hafa kjörtímabil sitt. Endurkjósa má menn í nefndina. Kosnir skulu og með hlutfallskosningu varamenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Varamenn ganga úr eftir sömu reglum og aðalmenn. Er kosning fer fram, skal afhenda lista með með helmingi fleiri nöfnum en kjósa á menn í nefndina. Sá, sem næstur er að atkvæðamagni þeim, er kosningu hlýtur á hverjum lista, skal vera 1. varamaður þess lista um kjörtímabil það, er listinn á við, og svo hver af öðrum innan listans, þannig, að sá, sem næstur er að atkvæðamagni, kemur jafnan í stað þess, sem næstur er á undan að atkvæðamagni. Kjörtími varamanns, sem tekur sæti í nefndinni vegna fráfalls eða brottflutnings aðalmanns, endar þegar kjörtími þess, sem hann kemur í staðinn fyrir, hefði verið á enda, nema varamaður sá, sem kemur fyrir aðalmann á fyrstu 4 árunum eftir að lög þessi öðlast gildi, tekur sæti á eftir öllum aðalmönnum og telst því sem hinn síðast kjörni á lista. Nú kemur það fyrir, að allir aðalmenn og varamenn lista fyrir eitt kjörtímabil forfallast, og kýs þá nefndin menn í skarðið með einföldum meiri hluta. Ef vafaatriði um þessi efni koma fyrir, sker nefndin sjálf úr þeim með atkvæðagreiðslu og sendir Alþingi skýrslu um málið.

Landsbankanefndarmenn fá enga þóknun fyrir störf sín.

8. gr.

Ný grein, sem verður 35. gr., hljóði svo:

Formann bankaráðsins skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, til 5 ára í senn. Hina fjóra bankaráðsmennina kýs landsbankanefndin til 4 ára í senn, þannig, að tveir ganga úr á aðalfundi lands-

bankanefndarinnar annaðhvert ár, í fyrsta skifti ganga þeir úr, sem 9
síðastir voru í röðinni við kjörið. Formann bankaráðs má endurskipa 15. apríl
og hina 4 ráðsmennina má endurkjósa. Á sama hátt skal skipa vara-
formann og kjósa 4 varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti
í bankaráðinu í forföllum formanns eða bankaráðsmanns. Ef formaður
eða varaformaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans áður en
starfstími hans er á enda, skipar ráðherra nýjan varamann. Ef nefndar-
kosinn bankaráðsmaður og varamaður forfallast á sama hátt áður en
starfstími hans er á enda, kys landsbankanefndin annan í hans stað.
Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt
Reykjavík, að þeim sje auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 4000 krónur í ársþóknun, en hinir
bankaráðsmennirnir 2000 krónur hver.

Auk þess fá allir bankaráðsmennirnir dýrtíðaruppbót af allri
launahæðinni, og reiknast dýrtíðaruppbótin með sömu vísitölu og dýr-
tíðaruppbót starfsmanna ríkisins. — Varamaður tekur laun í stað aðal-
manns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

9. gr.

35. gr., sem verður 36. gr., hljóði svo:

Engan má kjósa í landsbankanefnd eða bankaráð nema hann
sje lögráða, hafi óflekkað mannorð og sje fjár síns ráðandi. Ef nefndar-
maður eða bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans
er á enda, hættir hann þegar störfum í nefndinni eða ráðinu.

10. gr.

36. gr., sem verður 37. gr., hljóði svo:

Bankaráðið ræður alla þrjá bankastjóra, og eru þeir fram-
kvæmdarstjórn bankans. Skulu þeir ráðnir með 12 mánaða uppsagnar-
fresti, enda geti þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara.
Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að
greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega, sem ekki er um slíkt
afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikningu hans án
nokkurrar launagreiðslu. Ennfremur getur ráðherra sá, sem fer með
bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá
skýra hinum frávíkna bankastjóra frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Bankastjórar hafa að árslaunum 12000 kr. hver, og auk þess
dýrtíðaruppbót, sem bankaráðið ákveður.

Bankaráðið getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans
eftirlaun af fje bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50 %
af launum handa bankastjóranum, og 25 % af laununum handa ekkju
hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir
hendi í hvert skifti.

9 Bankaráðið getur einnig veitt fráförnum aðalbókara og aðal-
15. apríl fjeirði og ekkjum þeirra eftirlaun af fje bankans eftir sömu reglum.

11. gr.

37. gr. fellur niður.

12. gr.

38. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

Landsbankanefndin heldur aðalfund sinn einu sinni á ári, eigi síðar en mánuði eftir setningu Alþingis. Boðar forseti nefndarinnar til fundarins með mánaðar fyrirvara. Auk þess má kveðja nefndina til funda þegar forseti telur þess þörf, svo og ef 4 bankaráðsmenn að minsta kosti eða 7 landsbankanefndarmenn að minsta kosti krefjast þess í brjefi til forseta. Skal forseti þá boða til fundar eigi síðar en viku eftir að krafan kom í hans hendur. Skal að jafnaði boðað til auka-funda með viku fyrirvara, nema brýn þörf kalli að. Þá má boða til fundar með styttri fyrirvara, þó aldrei styttri en 2 sólarhringa.

Til fundanna skal boðað með ábyrgðarbrjefi eða staðfestu sím-skeyti til hvers nefndarmanns.

13. gr.

39. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

Á fyrsta aðalfundi nefndarinnar í hvert sinn, eftir að ný kosning hefir farið fram í nefndina samkv. 34. gr., kys nefndin sjer forseta til næstu 2 ára. Boðar hann nefndina til funda samkv. 38. gr. og stjórnar fundum nefndarinnar. Ennfremur skal á sama hátt til sama tíma kjósa 1. og 2. varaforseta. Gegnir 1. varaforseti forsetastörfum í forföllum forseta, en 2. varaforseti, ef báðir, forseti og 1. varaforseti, eru forfallaðir. Forseti sá, sem stjórnar fundi í hvert skifti, kveður sjer fundarritara, sem má vera utan nefndarinnar.

Rita skal í fundabók stutta skýrslu um það, sem gerist á nefndarfundum, svo og allar ályktanir nefndarinnar.

14. gr.

40. gr., sem er ný grein, hljóði svo:

Nefndarfundur er lögmætur, ef fundinn sækja eigi færri en 10 nefndarmenn.

Á nefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði forseta úr.

15. gr.

41. gr., sem er ný grein, hljóði svo:

Landsbankanefndinni ber:

- a. Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu eftir tillögum bankaráðsins. Reglugerðin skal staðfest af ráðherra þeim, sem fer með bankamál, og síðan birt í Stjórnartíðindunum. 9
- b. Að kjósa 4 menn í bankaráð og 4 varamenn, samkv. 35. gr. laga þessara.
- c. Að kjósa endurskoðendur bankans til eins árs í senn og 2 til vara, gefa þeim erindisbrjef og ákveða þóknun þeirra. Ef þess er krafist af 4 nefndarmönnum að minsta kosti, skulu kosningar þær, er um ræðir í b- og c-lið, vera hlutfallskosningar.
- d. Að úrskurða reikninga bankans.
- e. Að taka ályktun um önnur mál, sem lögð verða fyrir nefndina samkvæmt lögum þessum, eða eftir ósk bankaráðs eða ráðherra.

16. gr.

42. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

Formaður bankaráðsins hefir fyrir hönd ráðsins stöðugt, daglegt eftirlit með starfsemi bankans. Auk þess skulu hinir bankaráðsmennirnir skiftast á um hið daglega eftirlit ásamt formanninum.

Bankaráðið heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, 1. og 15. dag mánaðarins, eða næsta virkan dag, ef 1. eða 15. ber upp á helgidag, en annars svo oft sem formaður þess telur nauðsynlegt eða meiri hluti ráðsins krefst þess, eða framkvæmdarstjórnin óskar þess. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Þegar jöfn eru atkvæði, sker atkvæði formanns úr. Svo skal og vera, þegar jöfn eru atkvæði, er bankaráð og framkvæmdarstjórn gera sameiginlega ályktun, sbr. 43. gr. staflið h. og i.

Bankastjórnarnir eiga rjett á að vera á fundum bankaráðsins og taka þátt í umræðum, nema rætt sje um mál, er snertir bankastjórana sjálfa.

Á hverjum reglulegum fundi skal framkvæmdarstjórnin leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, hve mikið af fje hans sje bundið í hverri atvinnugrein, um verðbrjefaeign hans, um innlánsfje í honum og um það, hve mikið af því megi taka út fyrirvaralaust, um slíkar kröfur erlendar, um seðlaveltu, gullforða og innieign erlendis, og um annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

17. gr.

38. gr., verður 43. gr., en stafliðirnir a., c. og e. orðist svo:

- a. Að koma fram fyrir hönd bankans gagnvart dómstólunum, yfirvöldum og gagnvart þriðja manni. Ráðið getur úrskurðað um öll mál bankans, sem ekki er áskilið landsbankanefndinni eða ráðherra að úrskurða um.

- 9 c. Að setja bankastjórunum erindisbrjef.
15. apríl e. Að skipa aðalbókara og aðalfjehirði bankans og ákveða laun þeirra, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, svo og að ákveða, hversu hátt veð aðalfjehirðir skuli setja.
- Í stað orðanna „(39.gr.)“ í l.-staflíð komi: (44. gr.).
- Staflíður n. orðist svo:
- n. Að gera tillögur til landsbankanefndarinnar til reglugerðar um stjórn bankans og starfrækslu.
- o.-staflíður falli niður.
- p.-staflíður verði o.-staflíður.

18. gr.

39. gr. verði 44. gr., en hljóði þannig:

Framkvæmdarstjórnin hefir æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar bankans og ákvörðun bankaráðs.

Framkvæmdarstjórnin ráðstafar fje bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sje í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

Framkvæmdarstjórnin heldur fundi á hverjum starfsdegi, ef málefni liggja fyrir til úrlausnar.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbrjef eða skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt (sbr. 43. gr.) að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo gilt sje.

19. gr.

40. gr. verður 45. gr., en fyrir orðin „samkvæmt 38. gr.“ komi: samkvæmt 43. gr.

20. gr.

41. gr. verður 46. gr., en fyrir orðin „samkvæmt 38. gr. l.“ komi: samkvæmt 43. gr. l.

21. gr.

a. 42. gr. verði 47. gr.

b. 43. gr. verði 48. gr. og upphaf greinarinnar orðist svo: Landsbankanefnd, bankaráð o. s. frv.

- c. 44. og 45. gr. verði 49. og 50. gr. og á undan 50. gr. komi: VI. ⁹
kafli. Sjerrjettindi bankans. 15. apríl

22. gr.

- a. 46., 47., 48., 49, 50., 51. og 52. gr. verði 51., 52., 53., 54., 55., 56. og 57. gr.
- b. 53. gr. verði 58. gr. og síðari málsg. orðist svo:
Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af skuldabryjefum bankans og fram-söl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.
- c. 54. gr. verði 59. gr.

23. gr.

55. gr. verður 60. gr. og hljóði þannig:

Kosning í landsbankanefndina fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1928. Þegar eftir að lög þessi eru gengin í gildi, skal sá, sem flest atkvæði hefir fengið við kosninguna í landsbankanefndina, kveðja nefndina til fundar og sjá um kosningu 4 manna í bankaráðið. Jafn-framt skipar ráðherra sá, er fer með bankamál, formann bankaráðsins. Bankaráðið sjer um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald sam-kvæmt lögum þessum komist að fullu í framkvæmd eigi síðar en 1. janúar 1930.

24. gr.

56. gr. verður 61. gr., en 3. málsg. greinarinnar fellur niður.

25. gr.

57. gr. verður 62. gr. og hljóði þannig:

Launaákvæði laga þessara ná ekki til núverandi bankastjóra. Meðan þeir gegna bankastjórastöðu við Landsbankann, halda þeir nú-verandi launum sínum, nema öðruvísi semjist. Um uppsögn núverandi bankastjóra skulu sömu reglur gilda og í gildi voru, er þeir tóku sæti í bankastjórninni.

Jafnskjótt sem núverandi bókari og aðalfjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum þessara laga.

26. gr.

58. og 59. gr. verða 63. og 64. gr.

27. gr.

60. gr. verður 65. gr. og hljóði þannig:

Auk hinna gulltrygðu seðla er bankanum heimilt að gefa út alt

9 að einni miljón króna. Seðlamagn þetta skal minka um 100000 kr. fyrir 15. apríl 1. nóvember 1929, og úr því árlega um sömu upphæð.

28. gr.

61. gr. verður 66. gr.

29. gr.

62. gr. verður 67. gr. og hljóði þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka nauðsynleg lán til greiðslu á viðbótarstofnfje bankans samkvæmt 2. málslíð 5. gr. þessara laga.

30. gr.

63. og 64. gr. verða 68. og 69. gr., en í stað orðanna „42. gr.“ í niðurlagi 63. gr. komi: 47. gr.

31. gr.

65. gr. verður 70. gr. og á undan greininni komi: VIII. kafli. Niðurlagsákvæði.

32. gr.

66. gr. verður 71. gr.

33. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi. Þá er þau hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 48, 31. maí 1927, og gefa þau út svo breytt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 15. apríl 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús J. Kristjánsson.